

# Áritun launa og starfstengdra greiðslna á skattframtöl einstaklinga 2019

## Áritun upplýsinga

Áritun margvíslegra upplýsinga á skattframtöl og tölvutæk skil eru orðin lykilaðri við framtalsgerð einstaklinga. Megintilgangur áritunar er að létta framteljendum útfyllingu framtala, tryggja rétt framtalsskil og draga úr óvissu og skekkjum. Vill ríkisskattstjóri nota tækifærið og þakka launagreiðendum fyrir samvinnu við áritun á skattframtöl ársins 2018 í febrúar sl., en slík samvinna er forsenda þess að bæta megi þjónustu við framteljendur með framangreindum hætti.

Við áritun launa og annarra starfstengdra greiðslna hefur ríkisskattstjóri lagt áherslu á að áritaðar upplýsingar séu *endanlegar* og *sem áreiðanlegastar*, þ.e. þarfnist ekki breytinga eða viðbóta síðar af hálfu launagreiðanda og að til undantekninga heyri að þær þurfi að leiðrétta af hendi framteljanda (launamanns). Nauðsynlegt er því að launagreiðendur sendi **allar** upplýsingar, sem ber að gefa upp á launamiða, til áritunar, hvort sem þær kunna að vera geymdar í launakerfi eða fjárhagsbókhalda, þ.m.t. dagpeninga, ökutækjastyrki og hlunnindagreiðslur.

Mikilvægt er að launaforrit séu uppfærð vegna krafna um aukinn áreiðanleika og öryggi þeirra upplýsinga, sem áritun grundvallast á. Launagreiðandi þarf því að tryggja að notuð sé rétt útgáfa af viðkomandi launakerfi vegna áritunarinnar. Launagreiðendur ættu að kynna sér þjónustu hjá seljendum fjárhags- og launakerfa í þessu sambandi.

## Skilaleiðir

RSK bauð á árinu 2005 upp á nýjungar í launamiðaskilum, sem fólust í beinum skilum úr launakerfum með XML-skeyti, sem og skráningu launamiða og innlestri launamiðaskráa á þjónustusiðum launagreiðenda á *skattur.is*. **Launagreiðendur eru hvattir til að nota þessar rafrænu skilaleiðir við launamiðaskil sín.**

Eldri skilaleiðir launamiða (á disklingi eða á pappír) verða þó einnig áfram í boði með óbreyttu sniði á árinu 2019, **en skal eingöngu nota í algjörum undantekningartilvikum**. Athuga þarf að sumar launamiðafærslur eru ekki til í þessum skilaformum (færslur með þriggja stafa reitanúmer launamiðareita).

## Fyrirkomulag áritunar launa

Ríkisskattstjóri fer fram á að upplýsingum um laun og aðrar starfstengdar greiðslur og hlunnindi, sem inntar hafa verið af hendi vegna ársins 2018, verði skilað í gegnum gagnaskilakerfið á þjónustusiðu á *skattur.is*. Einnig má skila þessum upplýsingum á næstu starfsstöð ríkisskattstjóra á tölvutæku formi skv. útgefinni færslulýsingu. Launamiðafærslan er efnislega nánast óbreytt frá síðasta ári. Upplýsingar um greiðslur munu birtast í vefræmtali hvers og eins framteljanda.

Með hverju skattframtali, sem fjárhæðir eru áritaðar á, fylgir sérstakt sundurliðunarblað með nánari skýringum. Þar eru áritaðar fjárhæðir í hverjum framtalsreit sundurliðaðar eftir launagreiðendum. Meðfylgjandi er að finna yfirlit yfir tengsl reita í launamiðafærslunni og reita á tekjusiðu skattframtals einstaklinga, þ.m.t. þeirra framtalsreita sem upplýsingar frá launagreiðendum verða áritaðar í (sjá bakhlið).

## Kröfur til gagna frá launagreiðendum

Vegna áritunar er afar mikilvægt að vandað sé til upplýsingagjafar á launamiðum og réttar upplýsingar berist tímanlega. Því eru eftirfarandi kröfur gerðar til þeirra launagreiðenda, sem skila inn gögnum til áritunar:

- Skilafrestur tölvutækra upplýsinga í gegnum gagnaskilakerfið á *skattur.is* er til **20. janúar 2019**.
- Tölvutækar upplýsingar á segulmiðlum til áritunar, í samræmi við færslulýsingu, skal senda á næstu starfsstöð ríkisskattstjóra. Skilafrestur er til **20. janúar 2019**.
- Skilafrestur launamiða á pappír er til 20. janúar 2019.
- Ekki er unnt að tryggja að þeir launamiðar sem skilað er eftir skilafrest komi til áritunar.
- Skil á áður nefndum skattgögnum á tölvutæku formi eru **fullnaðarskil** til skattyfirvalda. Ekki á að skila sömu launupplýsingum til ríkisskattstjóra á pappír.
- **Samtalsblaði yfir allar færslur, sem sendar eru til ríkisskattstjóra með eldri skilaleiðum (á disklingi eða á pappír), skal skilað með launamiðunum til afstemmingar við innlestur.**
- Mælst er til þess að launagreiðendur sendi launamiða á pappír til launamanna sinna, nokkru áður en skil til ríkisskattstjóra á tölvutæku formi eiga sér stað. Með því móti gefst launamönnum kostur á að koma strax á framfæri athugasemdum og leiðréttingum við launagreiðendur vegna launauppgjörsins, þ.e. áður en launupplýsingum er skilað til skattyfirvalda og þær verða áritaðar á framtöl.
- Ríkisskattstjóri fer fram á að launamönnum verði í upplýsingaskyni sendur launamiði á A-4 formi í einriti, en ekki verði notaður hefðbundni (litli) launamiðinn í þríritsformi. Þetta form launauppgjafar gefur launagreiðendum tækifæri til að koma á framfæri frekari upplýsingum og leiðbeiningum til launamanna sinna, m.a. í tengslum við áritunina, sbr. meðfylgjandi tillögu að texta (sjá hér á eftir).

- Einhverjir launamenn fá ekki áritað skattframtal. Þetta á m.a. við um börn yngri en 16 ára og þá sem búsettir eru erlendis, sem þó ber að skila framtali. Skýringar launagreiðenda á launamiða þurfa einnig að ná yfir þessi tilvik.
- Með launamiðareitum nr. 11, 34, 82 og 93 skal alltaf tilgreina bæði texta og fjárhæð, en með öðrum reitum skal einungis tilgreina fjárhæð.
- Að gefnu tilefni vill ríkisskattstjóri vekja sérstaka athygli á að hafi verið skipt um launa- og/eða greiðsluferfi eða þá að sameining við önnur fyrirtæki hafi átt sér stað á árinu 2018, þarf að yfirfara skil

á launaupplýsingum gaumgæflega í samráði við tæknimenn, enda sýnir reynslan að launamiðaskilum til skattfirvalda er oft afar ábótavant undir slíkum kringumstæðum.

### Leiðréttingar

Hægt er að leiðrétta skil rafrænna launamiða á þjónustusíðu á **skattur.is**. Hafi launamiði sem skilað var á pappír eða segulmiðli verið rangur, skal launagreiðandi strax og það kemur í ljós senda ríkisskattstjóra **nýjan launamiða á pappír**, með beiðni um að áður sendur launamiði verði gerður ógildur. Jafnframt skal senda samrit af réttum launamiða til launþega.

## Tengsl launamiðareita og framtalsreita v/áritunar launa o.fl. á skattframtal 2019

Launamiða-reitur	Lýsing á launamiðareit	Reitur á framtali	Lýsing á framtalsreit	Athugasemd
02	Laun	21	Launatekjur og starfst. greiðslur	
03	Greiðsla í lífeyrissjóð (4%)	162	Iðgjald til frádráttar	
04	Hlutabréf á undirverði (sjá reiti 211 og 212)			Sett á sundurl.blað
05	Þar af laun vegna sjómennsku á fiskiskipum			Ekki áritað
06	Verktakagreiðslur			Ekki áritað
08	Númer lífeyrissjóðs			Sett á sundurl.blað
09	Styrkir til náms, rannsókna o.fl.	131	Styrkir til náms, rannsókna o.fl.	
10	Lífeyrisgreiðslur úr séreignarsjóðum	140	Lífeyrisgr. úr séreignarsjóðum	
11	Endurgreiddur útlagður kostnaður			Ekki áritað
16	Ökutækjastyrkur	22	Ökutækjastyrkur	
17	Dagpeningar	23	Dagpeningar	
19	Sjúkradagpeningar	96	Aðrar greiðslur í kafla 2.3	
21	Greiðslur úr almennum lífeyrissjóði	43	Greiðslur úr almennum lífeyrissj.	
26	Skattfrjáls verðlaun, heiðursl., happdr.	597	Skattfrjálsir vinningar	
27	Fatahlunnindi	135	Önnur hlunnindi	
28	Húsnæðishlunnindi	136	Húsnæðishlunnindi	
31	Sérstök útgreiðsla séreignarsparnaðar	143	Sérstök útgreiðsla séreignarsparn.	
32	Skattskyld verðlaun, heiðursl., happdr.	96	Aðrar greiðslur í kafla 2.3	
33	Fæðishlunnindi	135	Önnur hlunnindi	
34	Önnur hlunnindi	135	Önnur hlunnindi	
56	Endurgj. til höfunda, rétthafa o.fl.	96	Aðrar greiðslur í kafla 2.3	
57	Verkfallsstyrkur	96	Aðrar greiðslur í kafla 2.3	
58	Björgunarlaun	96	Aðrar greiðslur í kafla 2.3	
59	Skaðabætur greiddar af launagreiðanda	96	Aðrar greiðslur í kafla 2.3	
60	Bifreiðahlunnindi	134	Bifreiðahlunnindi	
61	Styrkir og styrktarfé	96	Aðrar greiðslur í kafla 2.3	
62	Félagsleg aðstoð frá sveitarfélögum	197	Félagsleg aðstoð o.fl.	
63	Greiðsla í séreignarlífeyrissjóð (hámark 4%)	160	Viðbótariðgjald til frádráttar	
64	Númer séreignarlífeyrissjóðs			Sett á sundurl.blað
65	Leigutekjur	510/511	Heildartekjur af útleigu eigna	Ekki áritað
67	Húsnæðisbætur / húsnæðisstuðningur	73	Aðrar skattfrjálsar tekjur	
69	Skattskyldar greiðslur tryggingafélaga	96	Aðrar greiðslur í kafla 2.3	
71	Afdregin staðgreiðsla	296	Staðgreiðsla af tekjum	
72	Aðrar bætur og styrkir frá sveitarfélögum	197	Félagsleg aðstoð o.fl.	
73	Ökutækjastyrkur utan staðgreiðslu			Ekki áritað
74	Dagpeningar utan staðgreiðslu			Ekki áritað
82	Aðrar skattskyldar greiðslur	96	Aðrar greiðslur í kafla 2.3	
89	Óskattskyldar greiðslur tryggingafélaga	73	Aðrar skattfrjálsar tekjur	
93	Aðrar skattfrjálsar greiðslur	73	Aðrar skattfrjálsar tekjur	
211	Nafnverð hlutabréfa á undirverði			Sett á sundurl.blað
212	Kaupverð hlutabréfa á undirverði			Sett á sundurl.blað
220	Stjórnarlaun	21	Launatekjur og starfst. greiðslur	
320	Úttekt úr sameignar- og samlagsfélögum	73	Aðrar skattfrjálsar tekjur	
405	Styrkir til íþróttaiðkunar/heilsueflingar	96	Aðrar greiðslur í kafla 2.3	
410	Samgöngustyrkir	96	Aðrar greiðslur í kafla 2.3	

Með launamiðareitum nr. 11, 34, 82 og 93 skal alltaf tilgreina bæði texta og fjárhæð. Með öðrum launamiðareitum skal einungis tilgreina fjárhæð.

### Tillaga að texta sem kemur neðst á launamiða á A4-formi til skýringar á áritun:

Fjárhæðir, sem fram koma á þessum launamiða, verða áritaðar með vérlænum hætti á tekjusiðu skattframtals 2019. Noti launþegi ekki áritað framtal við skattskil sín, þarf hann sjálfur að færa umræddar fjárhæðir í viðeigandi reiti á skattframtali sínu. Athygli er vakin á því að fjárhæðir, sem færa má til frádráttar í kafla 2.6 á framtalinu, eru ekki áritaðar, fyrir utan iðgjöld í lífeyrissjóði í reitum 162 og 160.